



Sýslumannaráð

Viðtakandi:
Nefndasvið Alþingis

25. maí 2023

153. löggjafarþing 2022-2023 Þingskjal 1478, 946. mál

Frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998 (skotvopn, skráning, varsla, eftirlit o.fl.)

UMSÖGN

Sýslumannaráð f.h. sýslumanna hefur kynnt sér ofangreint frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum. Sýslumenn láta efnið til sín taka vegna þess hlutverks sem þeir hafa að gegna við skipti á dánarbúum hver í sínu umdæmi. Umsögnin takmarkast því að mestu leyti við fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum og erfðalögum nr. 8/1962, en einnig verður fjallað um fyrirhugaðar breytingar á 16. gr. núg. vopnalaga. Við vinnslu umsagnar var leitað álits hjá fagraði dánarbúa, en fagraðið er skipað sérfræðingum í málaflokknum frá mismunandi embættum. Í stuttu máli sagt má segja að ábendingar Sýslumannaráðs lúti að orðalagsbreytingum sem auka eigi skýrleika ákvæðanna, að mikilvægi samþykkis aðila sem ætlað er að taka við vörslum á skotvopnum og tilheyrandi verðmætum í eigu látins einstaklings sem og mikilvægi þess að komið verði á gagnatengingum milli starfskerfis sýslumanna og skotvopnaskrár ríkislögreglustjóra.

Sýslumannaráð hefur eftirfarandi ábendingar við einstaka greinar frumvarpsins.

1. Breytingar á vopnalögum nr. 16/1998

Í 14. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingu á 16. gr. núgildandi laga þar sem lagðar eru til breytingar þess efnis að skotvopnum sé ráðstafað án tafar til aðila sem leyfi hafa til að eiga eða geyma slík vopn í stað þess að vopnin verði áfram í vörslum dánarbús. Í þessu sambandi skal bent á það að sýslumenn hafa ekki heimildir að lögum til að ráðstafa eignum dánarbús nema til greiðslu útfararkostnaðar. Nokkurn tíma getur tekið að ljúka skiptum dánarbúa og má geta þess að samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum nr. 20/1991 hafa erfingjar allt að fjóra mánuði eftir

andlát til að taka ákvörðun um í hvaða farveg skipti verða sett. Er því óskýrt í ákvæðinu á hverjum umrædd skylda hvílir. Tilgangurinn með breytingum á vopnalögum er sá að skotvopn séu á hverjum tímamarki í vörslu aðila sem hafa skotvopnaleyfi. Eignum dánarbús verður ekki ráðstafað fyrr en dánarbú er tekið til skipta.

2. Breytingar á lögum um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991.

Í 31. gr. frumvarpsins eru gerðar eftirfarandi breytingar lögum um skipti á dánarbúum:

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr töluliður sem felur í sér að tilkynnanda andláts beri að upplýsa sýslumann um tilvist skotvopna, nauðsynlegra íhluta og skotfæra í eigu hins látna, um varðveislu þeirra og hver muni taka við vörslu þeirra. Sama á við um varanlega óvirk skotvopn sem og eftirlíkingar skotvopna. Sýslumannaráð gerir ekki athugasemdir við umræddar viðbætur en áréttar mikilvægi rafrænnar tengingar milli starfskerfis sýslumanna, hér eftir Sýslunnar, og skotvopnaskrár ríkislögreglustjóra.

Á 3. mgr. 9. gr. laganna eru gerðar breytingar sem miða að því að bæta úr skýrleika ákvæðisins með því að mæla í dæmaskyni fyrir um hvaða aðilar geti fengið aðgang að dánarskrá, gerðabók og dánarbúskerfi sýslumanns og hvaða skilyrði þarf að uppfylla fyrir miðlun upplýsinga og gagna. Sýslumannaráð bendir á að fleiri kunna að falla undir 2. ml. ákvæðisins, t.a.m. tryggingarfélög.

Á 3. mgr. 10. gr. laganna eru lagðar til breytingar sem miða að því að bæta úr skýrleika ákvæðisins þar sem mælt er fyrir um hvaða aðilum er skylt að veita sýslumanni nauðsynlegar upplýsingar um málefni hins látna, hvort sem miðlun upplýsinganna er rafræn eða með öðrum hætti. Sýslumannaráð bendir á að huga þurfi betur að upptalningu aðila líkt og nefnt er í umfjöllun um breytingar á 3. mgr. 9. gr. laganna. Þannig er Skattinum, Landlækni o.fl. skylt að veita upplýsingar um *málefni* en aðrir skulu veita upplýsingar um *eignir og skuldir*. Þannig virðast erfingjar ekki eiga sama rétt til aðgangs að upplýsingum og stofnanir ef ákvæðið er skýrt samkvæmt orðanna hljóðan, sbr. 24. gr. skiptalaga Til dæmis virðist sýslumaður hafa aðgang að bankaupplýsingum um hinn látna en erfingi mögulega ekki. Upplýsingarnar verða hins vegar að gögnum málsins hjá sýslumanni sem erfingi hefur rétt á að fá aðgang að.

Lagðar eru til breytingar á 2. mgr. 11. gr. laganna á þann hátt að tveir nýir málsliðir bætast við ákvæðið. Með d-lið 1. tl. er lagt til að sýslumanni verði heimilað að ráðstafa tímabundið skotvopnum, nauðsynlegum íhlutum og skotfærum í eigu dánarbús, sem og varanlega óvirkum skotvopnum og eftirlíkingum skotvopna meðan hann fer með forræði á hagsmunum dánarbús skv. 1. mgr. 11. gr. laganna.

Samkvæmt gildandi ákvæði 2. mgr. 11. gr. er einungis heimilt að *ráðstafa* eignum búsins upp í útfararkostnað. Meðan á tímabundnu forræði sýslumanns á eignum dánarbúsins stendur hefur sýslumaður ekki heimildir til ráðstöfunar eigna, heldur einungis heimild til þess að fela tilteknum einstaklingum vörslur tiltekinna verðmæta. Orðalagið “framselja” í athugasemdum með frumvarpinu bendir til þess að sýslumaður geti látið skotvopn í eigu dánarbús af hendi án tillits til framsals upp í útfararkostnað samkvæmt heimild í 25. gr. laganna. Orðalagið “láta eignirnar af hendi” er ennfremur villandi. Orðalagið “*ráðstafa tímabundið*” virðist vísa til þess að ráðstöfun sýslumanns á skotvopni í eigu dánarbús vari aðeins þann tíma sem sýslumaður fer með forræði búsins. Sá sem tekið hefur við vörslum skotvopns skv. 2. mgr. 11. gr. fer þá í raun eingöngu með vörslu skotvopnsins en dánarbúið er áfram eigandi. Orðið „ráðstöfun“ er því villandi.

Að auki virðist ekki gert ráð fyrir eftirfylgni skráningar varsla á skotvopnum og tilheyrandi. Rétt þykir að sá sem falin er varsla skotvopns eða fær það framselt til sín gegn greiðslu útfararkostnaðar



Sýslumannaráð

þurfi að samþykkja slíka ráðstöfun með sannanlegum hætti. Þegar slíkt samþykki liggur fyrir er mikilvægt að hægt verði að miðla slíkum upplýsingum með rafrænum hætti úr Sýslunni í skotvopnaskrá ríkislögreglustjóra.

Við 1. mgr. 25. gr. laganna bætast þrjár nýir málslíðir. Með breytingunum verður óheimilt að framselja skotvopn til aðila sem ekki hefur tilskilin leyfi fyrir vörslum slíkra vopna. Með beiðni aðila um að fá eignir búsinns framseldar þurfi að fylgja ábending um þann einstakling sem á að taka við skotvopni í sínar vörslur. Þannig verði gert að skilyrði að bent verði á aðila með tilskilin leyfi en ekki einungis gert ráð fyrir samþykki fyrir því að skotvopn verði afhent tilteknum aðila. Miðar framangreint að því að sá aðili sem ætlað er að taka við vörslum skotvopns sé upplýstur um það. Meginatriðið er, að sá sem lýsir yfir eignaleysi og fær eignir búsinns framseldar til sín gegn greiðslu útfararkostnaðar, upplýsi um þann aðila sem taka muni vopnið í sínar vörslur, að samþykki beggja liggji fyrir og viðeigandi leyfi, á því tímamarki sem óskað er eftir að fá eignir búsinns framseldar. Jafnframt að tilkynningu verði miðlað með á rafrænan hátt úr Sýslu í skotvopnaskrá. Að auki þarf að mæla fyrir að sá sem lýsir yfir eignarleysi leggi fram upplýsingar um verðmæti skotvopns.

Sýslumannaráð gerir að auki tillögur að svohljóðandi orðalagsbreytingu á ákvæði 1. mgr. 25.

gr.:

*„Ef skotvopn, nauðsynlegir íhlutir og skotfæri eru meðal eigna dánarbúsins, verða eignirnar ekki framseldar hlutaðeigandi nema hann hafi áður aflað leyfis fyrir vörslu vopnanna. Sýslumanni er þó heimilt að ~~framselja vopnið~~ **ráðstafa vopnum** til annars aðila sem hefur **[óskað þess og]** aflað leyfis fyrir vörslu þeirra, liggji fyrir **[ábending]** ~~samþykki~~ þess aðila sem fær eignirnar að öðru leyti framseldar sér. Hið sama á við um varanlega óvirk skotvopn og eftirlíkingar skotvopna.“*

Við 2. mgr. 26. gr. bætast þrjár nýir málslíðir og vísast til ofangreindrar umfjöllunar um breytingar á 1. mgr. 25. gr.. Ennfremur gerir Sýslumannaráð eftirfarandi tillögu að breytingu á orðalagi ákvæðisins:

*„Ef skotvopn, nauðsynlegir íhlutir og skotfæri eru meðal eigna dánarbúsins, verða eignirnar ekki framseldar hlutaðeigandi nema hann hafi áður aflað leyfis fyrir vörslu vopnanna. Sýslumanni er þó heimilt að ~~framselja vopnið~~ **ráðstafa vopnum** til annars aðila sem hefur **[óskað þess og]** ~~áður~~ aflað leyfis fyrir vörslu þeirra, liggji fyrir **[ábending]** ~~samþykki~~ þess aðila sem fær eignirnar að öðru leyti framseldar sér. Hið sama á við um varanlega óvirk skotvopn og eftirlíkingar skotvopna.“*

Sú breyting er lögð til á 28. gr. laganna að við bætist nýr tölulíður sem fjölgar almennum skilyrðum þess að erfingjum verði veitt leyfi til einkaskipta. Verður að telja að á því tímamarki sem erfingjar sækja um leyfi til einkaskipta ætti almennt að vera búið að taka ákvörðun um vörslur skotvopna sbr. umfjöllun um fyrri ákvæði frumvarpsins. Í beiðni um leyfi til einkaskipta þarf þó að tiltaka þann aðila sem hefur vörslur skotvopna. Vísað er til fyrri umfjöllunar um nauðsyn þess að samþykki vörsluaðila liggji fyrir. Mikilvægt er og að sýslumaður geti staðreynt skráningu varslna með rafrænni tengingu Sýslu og skotvopnaskrár ríkislögreglustjóra.

Vegna þeirra breytinga sem frumvarpið leggur til á 1. mgr. 29. gr. laganna vísast til fyrri umfjöllunar um mikilvægi samþykkis aðila sem ætlað er að taka við vörslum skotvopns af hinum látna. Sýslumannaráð leggur til eftirfarandi breytingar á orðalagi ákvæðisins:

*„[...]ef við á, hvaða skotvopn, nauðsynlegir íhlutir og skotfæri voru eign búsins ásamt nafni og kennitölu aðila sem hefur **samþykkt að taka við þeim og hefur leyfi fyrir vörslu þeirra. Hið sama á við um varanlega óvirk skotvopn og eftirlíkingar skotvopna.**“*

Í samræmi við framangreinda umfjöllun leggur Sýslumannaráð til að fyrirhugaðar breytingar á 3. mgr. 29. gr. laganna orðist svo:

*„Með beiðni um leyfi til einkaskipta skulu fylgja, eftir því sem átt getur við, erfðagerningur þess látna, kaupmáli eða annars konar samningur um fjármál hjóna eða sambýlisfólks, **[samþykki]** og leyfi aðila fyrir vörslu skotvopna búsins og önnur skjöl sem geta haft þýðingu með sambærilegum hætti fyrir skipti búsins eða réttindi annarra á hendur því.“*

Við 1. mgr. 42. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

*„**4.** ef við á, hvaða skotvopn, nauðsynlegir íhlutir og skotfæri voru eign búsins og hver fari með vörslu þeirra. Hið sama á við um varanlega óvirk skotvopn og eftirlíkingar skotvopna.“*

Sýslumannaráð ítrekar það álit sitt að á þessum tímamarki málsmeðferðar eigi vörslur skotvopns í eigu dánarbús þegar að vera ákveðnar í samræmi við 11. gr. Hlutverk skiptastjóra væri að annast varanlega ráðstöfun umræddra verðmæta úr búinu.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

*„**Séu skotvopn, nauðsynlegir íhlutir og skotfæri meðal eigna dánarbúsins, sem og varanlega óvirk skotvopn, og eftirlíkingar skotvopna, skal skiptastjóri taka tafarlaust við umráðum þeirra nema annar aðili hafi aflað leyfis fyrir vörslu þeirra og skiptastjóri teiji hættulaust að munirnir verði úfram í vörslu hans.**“*

Sýslumannaráð telur að huga þurfi betur að orðalagi ákvæðisins enda bendir ofangreint orðalag til þess að skiptastjóri skuli sjálfur og persónulega vera skráður fyrir vörslum skotvopnanna og þurfi því að hafa til þess tilskilin leyfi. Umorða mætti ákvæðið svo:

*„**Séu skotvopn, nauðsynlegir íhlutir og skotfæri meðal eigna dánarbúsins, sem og varanlega óvirk skotvopn, og eftirlíkingar skotvopna, skal skiptastjóri taka tilkynna tafarlaust um þann sem tekur við umráðum þeirra nema annar aðili hafi aflað leyfis fyrir vörslu þeirra og skiptastjóri teiji hættulaust að munirnir verði úfram í vörslu hans.**“*

Breytingar á erfðalögum nr. 8/1962

Í 30. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 10. gr. erfðalaga. Vísað er til fyrri athugasemda um það tímamark í málsmeðferð sýslumanns við dánarbú, en almennt ætti ákvörðun um vörslur skotvopna dánarbúsins að vera yfirstaðin í samræmi við 11. gr. laga um skipti á dánarbúum. Ítrekaðar eru og ábendingar um mikilvægi samþykkis aðila sem taka mun við vörslum.

Fyrir hönd Sýslumannaráðs,
Kristín Þórðardóttir, formaður



Sýslumannaráð